

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1980

16. maí 1980.

203

Nr. 23.

LÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir 16. september verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir þann dag, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gildi frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýs-

inga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímbíla, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 6. lið 7. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962, komi nýr málslíður á eftir orðunum „umsömdum bótagreiðslum“, sem hljóði svo:

Reynist útgerðarfyrtæki eigi fært um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „20 ára“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: 16 ára.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga launþega í landbúnaði.